

SÁPA OG HÁRSÁPA - UMHVERFISSKILYRÐI	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á www.vinn.is.

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkja eins og norræna Svaninum og Evrópublóminu. Sé vara vottuð með einhverju þessara umhverfismerkja er það fullnægjandi sönnun á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



Umhverfisskilyrðin eiga við um hársápu og sápu í föstu og fljótandi formi til nota í atvinnuskyni. Þessi viðmið eiga ekki við um sóttþreinsandi sápur.

Grunn- og ítarviðmiðin samstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

Lágmarksskilyrði; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

Matsviðmið; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun (GPP)
<ul style="list-style-type: none"> Loftmengun, myndun ósons, uppsöfnun óæskilegra efna í lífverum og fæðukeðjunni auk skaðlegra áhrifa á vatnalífverur Neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks vegna skaðlegra efna Úrgangur 	<ul style="list-style-type: none"> Forðast óþarfa notkun sápu Forðast notkun sápu sem inniheldur tiltekin efni Draga úr notkun umbúða, tryggja að mögulegt sé að endurnota umbúðir eða endurvinnna þær

1 SÁPA OG HÁRSÁPA

GRUNNVIÐMIÐ

LÁGMARKSSKILYRÐI

1. Yfirborðsvirk efni

Öll yfirborðsvirk efni sem notuð eru í vörunni skulu brotna auðveldlega niður í umhverfinu.

2. Magn þrávirkra efna

Þau efni vörunnar sem brotna ekki auðveldlega niður (eða slíkur eiginleiki hefur ekki verið prófaður við loftháðar aðstæður) skulu ekki vera í meira magni en hér segir:

- Hársápa, sturtuvörur og sápa á fljótandi formi: Að hámarki 30 mg/g virkra efni
- Sápa í föstu formi: að hámarki 15 mg/g virkra efna
- Hárnæring: Að hámarki 50 mg/g virkra efna

Hér eru virk efni (Active Content) skilgreind sem hlutfallsleg þyngd lífrænna efna í vörunni. Sú þyngd skal reiknuð út frá heildarefnasamsetningu vörunnar. Núningsefni/svarfefni í handhreinisiefnum eru undanskilin í útreikningum á virkum efnum.

Öll efni vörunnar (efni eða efnablöndur) sem veга meira en 0,01% af heildarþyngd vörunnar skal skoða. Hér er átt við um öll efni í efnablöndu sem er notuð í efnasamsetningu vörunnar og veга yfir 0,01% af lokaþyngd hennar.

3. Ilmefni

Ilmefnum sem bætt er við vöruna skulu vera framleidd, meðhöndluð og notuð samkvæmt starfsreglum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna (IFRA).

4. Lífræn litarefni

Lífrænir leysilitir eða litarefni skulu ekki geta safnast fyrir í lífverum. Leysilitirnir eða litarefnin eru talin geta safnast fyrir í lífverum ef tilraunir sýna að lífþéttnistuðullinn (BCF) > 100.

Ef niðurstöður úr BCF tilraunum eru ekki fyrir hendi, er hægt að athuga uppsöfnun í lífverum með $\log P_{ov}$ (log oktanól/vatn deilistuðull).

Ef $\log P_{ov}$ er > 3,0, eru leysilitirnir eða litarefnið talin geta safnast fyrir í lífverum.

5. Sæfiefni

Sæfiefni sem eru ýmist hluti af efnasamsetningunni eða hluti af efnablöndu sem efnasamsetningin inniheldur, og eru nýtt til þess að varðveita vöruna og uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með H50-53 eða H51-53 hættusetningar í samræmi við tilskipun 67/548/EEC eða tilskipun 1999/45/EC sem settar voru fram af Evrópuþinginu og Evrópusambandinu, eru eingöngu leyfilegar ef þær geta ekki safnast fyrir í lífverum. Sæfiefni er talið geta safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðull þess er > 100, Ef lífþéttnistuðull er fyrir hendi er $\log P_{ov}$ (log oktanól/vatn deilistuðull) > 3,0.

6. Rotvarnarefni

Rotvarnarefni í vörunni skulu ekki losa frá sér efni sem eru flokkuð samkvæmt viðmiði 8a í

viðmiðanaskjali Evrópublómsins fyrir sápur, hársápur eða hárnæringu (2007/506/EC).

7. Heilsuspillandi efni

Eftirfarandi skilyrði á við öll efni (efni eða efnablöndur) sem eru meira en 0,01% af lokabyngd vörunnar, ásamt efnunum og efnablöndum sem notaðar eru efnasamsetningunni og eru meira en 0,01% af lokabyngd vörunnar.

Ekkert efni vörunnar skal flokkast sem krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi efni eða að það hafi skaðleg áhrif á æxlun. Þetta á einnig við um reglur um eigin flokkun III (self-classification class III).

- Varan skal ekki innihalda eftirfarandi efni, hvorki sem hluti af efnasamsetningunni né sem hluti af efnablöndu sem efnasamsetningin inniheldur:
 - alkýlfenóletoxýlat (APEOs) og aðrar alkýlfenólafleiður
 - NTA (nítíróltríasetat)
 - Bórsýra, bórat og perbórat
 - Nítrómuskus og fjölhringa muskusefni

Etýlendíamíntetraasetat (EDTA) og sölt þess og fosfónöt sem ekki brotna auðveldlega niður má eingöngu bæta í sápur í föstu formi og magnið má að hámarki vera 0,6 mg/g virkra efna.

8. Þyngd umbúða

Umbúðir skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Samband þyngdar og innihalds (WCR) skal miðast við að umbúðirnar séu léttari en 0,3 g að þyngd miðað við hvert gramm af þyngd vörunnar og er það reiknað út eins og hér sýnir.

$$WCR = \sum ((W_i + N_i) / (D_i * r))$$

Þar sem:

- W_i = þyngd (í grömmum) umbúðaeiningarinnar i (hér er vísað til bæði innri og ytri umbúða) að öllum merkingum meðtöldum.
- N_i = þyngd (í grömmum) umbúðaeiningarinnar sem er úr nýju efni í stað endurunninna efna (hér vísað til bæði innri og ytri umbúða). Ef umbúðaeiningin inniheldur engin endurunninn efni þá er $N_i = W_i$.
- D_i = þyngd vörunnar (sem umbúðaeining inniheldur) í grömmum.

r = Endurnýtingarhlutfallið, eða fjöldi skipta sem umbúðaeininguna má kerfisbundið endurnýta með sama notagildi í huga (í áfylling eða endurnotkun) ($r = 1$ ef engin endurnýting á sér stað). Ef umbúðirnar eru endurnýtanlegar þá fær r gildið 20 fyrir plast og 10 fyrir bylgjupappír nema umsækjandinn geti sýnt fram á skjalfest hærra gildi.

9. Plastefni í umbúðum

Efni úr plasti í grunnumbúðum skal vera merkt samkvæmt DIN 6120, 2. hluta eða samsvarandi mælikvarða svo auðkenna megi og flokka mismunandi hluta af umbúðunum til endurvinnslu. Hylki og dælur eru undanþegin þessu skilyrði.

10. Umbúðir og skömmtun

Umbúðir skulu vera hannaðar með það í huga að auðvelt sé að ákvarða hæfilega skömmtun, t.d. með því að ganga úr skugga um að opið á umbúðunum sé ekki of stórt.

11. Innihaldsefni umbúða

Umbúðirnar skulu ekki innihalda íblöndunarefni sem innihalda kadmíum, kvikasilfur eða efnasambönd með þessum efnum. Þær skulu ekki innihalda íblöndunarefni sem uppfylla ekki viðmið 8 í viðmiðunarskjali Evrópusambandsblómsins fyrir sápur, hársápur og hárnæringar (2007/506/EC).

12. PVC í umbúðum

Umbúðir skulu ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

MATSVIÐMIÐ

1. Umhverfismerki

Varan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svansins, eða Evrópublómsins. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.

2. Heilsuspillandi efni

Varan skal ekki innihalda eftirfarandi hættusetningar samkvæmt tilskipun 67/548/EEC:

- N, H50/53: $(WR50/53/25 \%) \geq 1$
- N, H51/53: $((WR50/53/2.5 \%) + (WR51/53/25 \%)) \geq 1$
- H52/53: $((WR50/53/0.25 \%) + (WR51/53/2.5 \%) + (WR52/53/25 \%)) \geq 1$

Þar sem:

- WR50/53 = þyngdarhlutfall innihalds (miðað við þyngd) sem má flokka sem H50/53
- WR51/53 = þyngdarhlutfall innihalds (miðað við þyngd) sem má flokka sem H51/53
- WR52/53 = þyngdarhlutfall innihalds (miðað við þyngd) sem má flokka sem H52/53

Núningsefni eða svarfefni í handhreinsiefnum eru undanskilin.

3. Torleyst efni

Þau efni vörunnar sem brotna ekki auðveldlega niður (eða slíkur eiginleiki hefur ekki verið prófaður við loftháðar aðstæður) og eru með lægstu bráða eiturhrif LC50 eða EC50 < 100 mg/l (sambærilegt við flokkunarmörk H52 í reglugerð nr. 236/1990) skulu ekki fara yfir neðangreind mörk:

- Hársápur, sturtuvörur og sápur í fljótandi formi: Að hámarki 25 mg/g virkra efna
- Sápur í föstu formi: Að hámarki 15 mg/g virkra efna.
- Hárnæring: Að hámarki 50 mg/g virkra efna.

4. Aukaefni

Uppfyllir varan eftirfarandi viðmið:

Ekkert efni (að ilmefnum undanskyldum) er skilgreint sem ertandi efni (X_i) með H42 og/eða H43, að reglum um eigin flokkun meðtöldum.

Engu ilmefni er blandað í vörur sem eru seldar með notkun fyrir börn/ungabörn í huga.

Ekkert ilmefni sem flokkað er sem ertandi, X_i , með H42 og/eða H43 (að reglum um eigin flokkun meðtöldum) skal finna í meira magni en 0,01% (100 milljónarhlutar) í vörunni.

ATH. Lagt er til að fyrir hvert ofangreint atriði, liði 2,3 eða 4 sem eru uppfylltir fáist 20% af heildarstigagjöf fyrir matsviðmið í matslíkani. Fyrir lið 2,3 og 4 er í mesta lagi hægt að fá samanlagt 60% af heildarstigagjöf fyrir matsviðmið.

STAÐFESTING LÁGMARKSSKILYRÐA OG MATSVIÐMIÐA

Óski kaupandi þess skal vera hægt að staðfesta og skjalfesta hráefni tiltekinnar vöru, öflun þeirra og framleiðsluferli tilbúinnar vöru. Þetta má gera á mismunandi hátt en áreiðanlegast og trúverðugast er að fá þriðja aðila til verksins. Kaupandi skal geta krafist þess af birgja að hann skjalfesti þessa þætti. Skjalfestingin má vera frá þriðja aðila, t.d. umhverfismerkis af Tegund I, þ.e. norræni Svanurinn, Evrópublómíð eða umhverfisvörulýsing (epd) í samræmi við ISO 14025. Einnig má óska eftir staðfestingu annarra aðila eða eigin yfirlýsingu um gæða- eða umhverfisstjórnunarkerfi, birgðasamningum, yfirlýsingum sem uppfylla ISO14021 eða sambærilegt.

ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGS

Afhenda skal skýrslur um vöruöryggi með vörunni